



Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 SAUDÁRKRÓKUR

Garðabær, 11.2.2025

Málsnúmer: 202501-0059

IAS

Efni: Sjóvörn á Hofsósi. Nýtt framkvæmdaleyfi

Vísar er í erindi frá Skagafirði, frá 10. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um framkvæmdaleyfi vegna sjóvarna á Hofsósi.

Um er að ræða um 150 m nýja sjóvörn neðan við Suðurbraut en Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarðsins í samráði við sveitarfélagið.

Framkvæmdasvæðið er utan náttúruverndarsvæða en sunnan við það er hverfisverndarsvæðið HV-602, Stuðlabergsklettur í Staðarbjargarvík. Á loftmyndum sést að stuðlabergið nær norður fyrir hverfisverndarsvæðið og þar er fyrirhugað að leggja malarslóða ofan á stuðlabergið til að hlífa því og verður mölin fjarlægð að mestu að framkvæmdum loknum og sjórinn látinn hreinsa það sem eftir verður.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þeim er lýst.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur